Alþingi
Erindi nr. Þ 122/2098
komudagur 28.4.'98

Þinglýsing og stimpilgjald

Ekki skal greiða stimpilgjald af skuldabréfi sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns. Þá skal ekki greiða stimpilgjald af heimildarbréfi fyrir íbúð þegar viðbótarlán er veitt til kaupa á henni. Kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga þessara, eru stimpilfrjáls.

23. Við 48. gr., er verði 46. gr. Í 78. gr. gildandi laga er fjallað um þinglýsingu og stimpilgjald. Með sambærilegum hætti og þar er gert ráð fyrir, er lagt til að skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána og lána til byggningar og kaupa á leiguhúsnæði séu stimpilfrjáls svo og heimildarbréf vegna kaupa á eigin íbúð.